

**Sp.**

**78. Tillaga til þingsályktunar**

[59. mál]

um tilraunir með límvatn sem áburð til ræktunar.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að framkvæmdar verði þegar á næsta vori raunhæfar tilraunir með límvatn frá fiskimjölsverksmiðjum sem áburð til ræktunar. Skal tilraunastöðvum ríkisins í jarðrækt og öðrum bliðstæðum stofnunum falið að framkvæma tilraunirnar, svo og öðrum þeim aðilum, er bezt hafa til þess skilyrði. Skal tilraununum hagað þannig, að gengið verði úr skugga um það, hvort ekki sé mögulegt að nota þetta efni til áburðar í stórum stíl og bæta á þann hátt að einhverju leyti úr áburðarskortinum.

**Greinargerð.**

Um langan aldur notuðu islenskir bændur slor og fiskúrgang til áburðar, bæði á tún og í garða, þar sem því varð við komið, og jafnan með ágætum árangri. Þótti áburður þessi einnig gefast vel sem undirburður undir túnpökur. Eftir að tekin var hér upp fiskimjölsframleiðsla, hvarf sá möguleiki að nota fiskúrgang fyrir áburð, nema þar sem hráefnið var sólþurrkað, áður en það var malað. Var þá jafnan þurrkað á ræktaðri jörð, ef því varð við komið, og brást ekki, að efnið flutti moldinni næringu á móta við ýmsar aðrar áburðartegundir. Þegar fiskúrgangur er þurrkaður við eimun eingöngu, inniheldur fiskimjölið 65% af eggjahvítuefni. Sé efnið hins vegar pressað og síðan eimað, lækkar eggjahvítuefnisinnihaldið ofan í 55%. Mismunurinn flýtur til sjávar með límvatni efnisins frá pressunni. Ef sams konar efni er sólþurrkað, verður eggjahvítuinnihald mjölsins einnig aðeins 55%, svo að sama eggjahvítumagn flýtur frá efninu til jarðarinnar við sólarhitun eins og til sjávarins við pressun. Er ljóst af þessu, að dýrmætum áburðarefnum er á glæ kastað með því að láta þetta renna ónotað til sjávar.

Tilraun þá, sem hér um ræðir, má framkvæma á mjög auðveldan og ódýran hátt, og er eðlilegast, að hún sé framkvæmd af tilraunastöðvum ríkisins í jarðrækt, sem framkvæmt gætu hana bæði í sambandi við grasrækt og garðrækt. Þá ætti Sandgræðsla ríkisins einnig að gera slíkar tilraunir í sambandi við sandgræðsluna, svo og Skógrækt ríkisins í sambandi við trjárækt. Kostnaður við þetta yrði á þennan hátt aðeins kostnaður á flutningi límvatnsins til tilraunastöðvanna, sem væntanlega endurgreiddist í betri vexti, ef tilraunirnar bæru árangur. En auk þess væri æskilegt, að búnaðarfélagin í þeim hreppum, þar sem fiskimjölsverksmiðjur starfa, gerðu sams konar tilraunir heima fyrir.

Ef tilraunirnar leiddu í ljós, að unnt væri að nota þetta efni í stórum stíl sem áburð, gæti svo farið, að bæta mætti allverulega úr áburðarskortinum, því að þúsundir smálesta renna árlega frá verksmiðjunum til sjávar af þessu efni engum til gagns.